# Met Kára á Vatnajökli í heimsmetabók Guinness

**Jón G. Hauksson, DV, Akureyri:**
Hið stórkostlega Íslandsmet Kára Elísonar, 168 kíló í bekkpressu, sett í 1950 metra hæð uppi á Vatnajökli, fer líklegast í heimsmetabók Guinness. För kraftlyftingamannanna frá Akureyri upp á jökulinn og löglegt lyftingamót – með þremur dómurum – er líka í sjálfu sér met. Geggjuð hugmynd sem á eftir að fljúga um heimsbyggðina. Afrek var unnið. Söguleg stund. Átta jeppum var ekið upp á Bárðarbungu, lóðin út og laggo – upp fóru þau í 8 stiga frosti og skafrenningi. Lyftingamennirnir í stuttbuxum og treyjum, aðrir kappdúðaðir í jöklaklæði.

### Flosi átti hugmyndina

„Ég fékk hugmyndina að mótinu í fyrravetur," segir Flosi Jónsson, einn jöklafaranna og formaður lyftingaráðs Akureyrar sem hélt mótið. Flosi er gullsmiður, 31 árs, uppalinn í Kópavogi en hefur búið á Akureyri síðastliðin tíu ár. Flestir hlógu í upphafi að hugmyndinni um jökla-mótið. Nú sér enginn eftir því að hafa farið.

„Menn tóku í fyrstu mjög dræmt í þetta allt saman, trúðu hreinlega ekki að þetta væri hægt. Að vísu datt mér fyrst í hug að halda kraftlyftingamót einhvers staðar á hálendinu, en sú hugmynd sló ekki í gegn. Þá datt mér einhver jökullinn í hug. Hofsjökull kom strax í hugann, hann er nær, en fyrst á annað borð var verið að fara út í þetta, hugsaði ég með mér; hvers vegna ekki stærsti jökull Evrópu, sjálfur Vatnajökull?"

### Davíð Scheving sagði strax já

En menn voru farnir að hitna, bráðna fyrir jöklamótinu. Nú var bara að hefjast handa. „Ég hringdi í Davíð Scheving hjá Sól hf.," segir Flosi. „Honum fannst þetta auðvitað geggjuð hugmynd og ákvað strax að styrkja okkur. Hann gerði okkur þetta kleift."

Nú, heljarmennin og herskarinn sem fylgdi þeim, jöklaflotinn mikli, lögðu upp á vit ævintýrisins frá Íþróttahöllinni föstudagskvöldið 5. september, klukkan hálfsjö. Ekið var á þremur bílum upp Bárðardalinn og inn í Gæsavötn. Þar bættust fleiri í hópinn, menn eins og „Fjalla-Eyvindur", þekktur fjallagarpur og Dóri Jó (Halldór Jóhannesson). Þeir kokgleyptu við ferðinni.

**Texti: Jón G. Hauksson**
**Myndir: Ýmsir**

### Gist í einkaskála Baldurs

Sá sem stjórnaði för var Baldur Sigurðsson, gamalreyndur fjallamaður frá Akureyri, þekkir Vatnajökul, ekki síst Bárðarbunguna, eins og lófann á sér. Án hans hefðu kraftajötnarnir ekki lagt í hann. Að sjálfsögðu gistu allir í einkaskála Baldurs aðfaranótt afreksins.

Flosi hefur orðið: „Við komum frekar seint í skálann, klukkan var að verða hálfeitt um nóttina og ferðahrollur í mannskapnum. Við lögðum allt kapp á að fá hita í skálann. Eftir það lögðumst við til svefns. En viti menn, klukkan fjögur um nóttina fengum við gesti. Tveir nátthrafnar bönkuðu upp á, læddust inn og lögðust til svefns á eldhúsgólfinu. Fyrir sváfu þá 20 manns í skálanum. En næturgestirnir voru tveir jeppamenn sem höfðu heyrt af för okkar og drifið sig í að taka þátt í gillinu."

### Adrenalínið farið að renna

Eftir klukkutíma svefn brá næturgestunum heldur en ekki í brún. Vekjaraklukkan hringdi, klukkan var fimm að morgni. Ræs, allir upp. Nú var það sjálfur jökullinn. Ekkert hik. Spennan í hámarki, adrenalínið var farið að renna. Eldsprækir menn hituðu sér kakó og morgunkaffi. Allt var orðið klárt. Frá skálanum var ekið klukkan hálfsjö á þessum ógleymanlega laugardagsmorgni, 6. september.

Mikill hugur var í mönnum. Sólin var farin að gægjast fram. Það gekk allt að óskum. En í 1400 metra hæð kom í ljós að einn kappann, Austin Gipsy, vantaði. Hann var dálítinn spöl fyrir neðan. Gamli Gipsyinn hafði misst bensíntankinn undan sér. Vanir menn sneru við og „græjuðu" tankinn.

Áfram var haldið. Það tafði nokkuð hvað kerrurnar undir lóðin og Svalann sukku í snjóinn, ekkert skrítið, farangur upp á eitt og hálft tonn. Þetta kom þó allt saman með kalda vatninu, eins og sagt er.

### Var að ganga í geggjað veður

„Um klukkan tíu um morguninn var farið að skafa dálítið og kortéri seinna leist okkur ekkert á blikuna. Var ferðin fyrir bí, spurðum við sjálfa okkur? Við vorum komnir í 1950 metra hæð og vindinn hafði aukið mikið, við héldum, satt best að segja, að hann væri að ganga í geggjað veður. Þarna áttum við ekki langt eftir upp á hábunguna sem er í rúmlega 2 þúsund metra hæð. En þarna ákváðum við að stöðva og halda mótið. Við vorum komnir svo langt að það var ekki annað hægt en klára mótið af.

Við mynduðum hálfhring með jeppunum í kringum mótsstað, tókum lóðin og hálfa tonnið af Svalanum af kerrunum og breiddum stóran dúk á jökulinn. Við fórum að hita upp fyrir átökin. Efst í huga okkar allra var auðvitað hvort Kára tækist að setja met í bekkpressunni. Það yrði stórkostlegt ef það tækist. En útlitið var ekki gott, 8 stiga frost og skafrenningur."



Jöklakötturinn Kári Elíson hnýtir skóþveng sinn áður en hann leggur til atlögu við lóðin.





Flosi Jónsson, gullsmiður á Akureyri, átti hugmyndina að ferðinni á Bárðarbungu og stjórnaði aðgerðum. Hann lét auk þess ekki hjá líða að taka á stöngunum.



Heimskautabangsanum Víkingi Traustasyni var kalt á heimaslóðum.

### Steini fraus á miðri leið

Lítum á árangur fjórmenninganna, kraftlyftingamannanna frá Akureyri, allir methafar. Aðalsteinn Kjartansson lyfti 55 kílóum í hnébeygju og 60 í bekkpressu, svona aðeins til að lyfta. Hann lagði allt kapp á réttstöðulyftuna. Fyrst lyfti hann 170 kílóum, en reyndi síðan við 180 ½ kíló. Því miður, Steini bókstaflega fraus á miðri leið með þessa lyftu.

Flosi lyfti 100 kílóum í hnébeygju og bekkpressu, eins og áður aðeins lyft til að lyfta og hafa mótið löglegt. Lagði meira í réttstöðulyftuna, tók fyrst 220 kíló og síðan 250 kíló. Vel frá sínu besta. „Ég lét þetta duga, enda vildi ég spara kraftana fyrir Svalalyftuna."

### Víkingur pressaði skipulega

Víkingur Traustason, heimskautabangsinn, sá þyngsti og sterkasti af fjórmenningunum, lyfti 150 kílóum í hnébeygju en tók bekkpressuna nokkuð skipulega. Lyfti fyrst 180 kílóum og svo 200 kílóum. Í réttstöðulyftunni tók hann „lítið" á, lyfti 100 kílóum.

Þá er það maður mótsins, „tígriskötturinn" Kári Elíson. Hann lyfti fyrst 55 kílóum í hnébeygju, svona til að opna mótið. Stóra stundin var að renna upp. Flosi lýsir bekkpressunni: „Hann tók fyrst 160 kíló. Var síðan ekkert að tvínóna við það, stökk í mettilraunina, 168 kíló. Það ótrúlega gerðist, upp fór það. Nokkuð sem allir höfðu vonað. Við bókstaflega trylltumst, hoppuðum um allt í sigurgleði. Hann hafði bætt Íslandsmetið um hálft kíló, sitt eigið met."

### „Æddi í lyftuna alveg brjálaður"

Kára segist sjálfum svo frá: „Það var stórkostleg tilfinning, alveg ólýsanleg, að setja Íslandsmet þarna uppi á Vatnajökli, hæsta jökli Evrópu. Ég var búinn að einbeita mér í marga daga við að setja met á jöklinum. Kappklæddur hitaði ég upp. Og þegar það kom að mér að lyfta dreif ég mig úr gallanum á methraða og æddi í lyftuna alveg brjálaður."

Þessari sögulegu ferð var ekki lokið. Flosi og Víkingur tóku næst til við að lyfta Svalanum, hálfu tonni. Nægar voru fernurnar, Davíð hafði séð fyrir því. Fernunum var komið fyrir í sérútbúnum grindum. Vöðvarnir hnyklaðir og Svalinn upp í tvígang og haldið uppi í 10 til 15 sekúndur í senn. Allt fyrir myndavélarnar.

### Guðirnir stilltu vindinn

Á mínútunni tólf á hádegi var mótinu á þessum furðustað lokið. Ævintýrið hans Flosa og félaga hafði tekið tæpa klukkustund. Og nú sá enginn eftir því að hafa farið með. Meira að segja veðurguðirnir létu ánægju sína í ljós, stilltu vindinn og sendu nokkra sólargeisla. Með veðurguðina í þannig skapi héldu ævintýramennirnir áfram upp, það var ekki hægt annað en fara upp á hábunguna.

„Það komust allir jepparnir nema gamli Willysinn, hann hafði það ekki af, festist. Þetta er í fyrsta skiptið sem sjö jeppar fara í einu upp á Bárðarbungu. Það er allt færinu í sumar að þakka. Til þessa hafa fáir jeppar farið upp á Bunguna og svona færi kemur kannski ekki aftur fyrr en eftir tíu ár."

### Menn með fiðring í nautalundirnar

Af Bárðabungunni var haldið heim á leið, – í skálann hans Baldurs í Gæsavötnum. Menn voru komnir með fiðring í nautalundirnar, þessar risastóru sem kjötvinnslan Hrímnir á Akureyri gaf til ferðarinnar. Nautsterkir menn tóku til matarins. Skálað á eftir í kampavíni, meti fagnað. Þreyttir menn en ánægðir.

### Heimasætan fékk drykk

Daginn eftir, þegar leiðangurinn kom til byggða innst í Eyjafirðinum, var drykknum hans Davíðs dreift um sveitirnar. Maður mótsins, Kári Elíson, nú kallaður jöklakötturinn af félögum sínum, stökk með leifturhraða kattarins þegar flotinn kom að fagurri heimasætu á næstinnsta bænum í Eyjafirði, rekandi kýr heim til mjalta. Hún fékk nokkrar fernur og sigurbros í ábót. Menn setja ekki met og komast í heimsmetabók Guinness á hverjum degi. Það er lóðið.

-JGH



Kraftakarlarnir höfðu sjö jeppa til fararinnar á Bárðarbungu. Aldrei áður hafa svo mörg farartæki verið þar saman komin.